

á honum hefir haldið því fram, að hann hafi þegar gefið skipun til vjelarinnar, er hann sá hvað verða vildi, en vjelstjórinn kveðst enga skipun hafa fengið fyrri en hann „hafði fundið að eitthvað rakst á skipið“. Af þessari ástæðu þykir rjett, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Mánudaginn 6. des. 1926.

Nr. 26/1926.

Þorvaldur Benediktsson

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Þorbergi Þorleifssyni (L. Fjeldsted).

Skadabótamál.

Dómur gestarjettar Norður-Múlasýslu 27. apríl 1925: Stefndi, Þorvaldur Benediktsson í Hjarðarhaga í Jökuldal, greiði stefnandanum, Þorbergi Þorleifssyni á Hólum í Hornafirði 300 kr. í skadabætur og 1684 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 16. mars þ. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 3. s. m.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða gestarjettardómi hefir áfrýjandi ekki sannað eða fært neinar líkur fyrir því, að hann hafi fest kaup á hesti þeim, er ræðir um í málinu, áður en hann skildi við stefnda á Skjöldólfsstöðum, nje fyrir því að stefndi hafi heimilað honum nokkra notkun eftir það á hestinum aðra en þá að riða honum út fyrir túngarðinn á Skjöldólfsstöðum. Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi í heimildarleysi farið með hestinn heim til sín, brúkað hann, og haldið honum vikutíma fyrir stefnda og er það ennfreður nægilega

upplýst, að hesturinn hefir skemst og megrast meðan hann var í vörslum áfrýjanda. Er áfrýjanda skylt að bæta tjón það, er stefndi hefir beðið við þetta, og með því að skaðabæturnar þykja hæfilega metnar 300 krónur af hjeraðsdómaranum ber að staðfesta gestarjettardóminn að þessu leyti.

Að því er snertir málskostnað í undirrjetti, er lagður var undir mat dómarans, þá hefir stefndi að vísu lagt fram sundurliðaða reikninga yfir hann og samkvæmt þeim hefir hann kostað jafnvel meiru til málsins í hjerði, en hann hefir fengið sjer tildæmt. En þessi mikli kostnaður á rót sína að rekja til þess, að stefndi hefir fyrir gestarjettinum hagað rekstri málsins öðruvísi en eðlilegt var og vænta mátti eftir eðli málsins og fjárhæð þess.

Þykir eftir atvikum hæfilegt að meta málskostnaðinn í hjerði stefnda til handa 800 kr. og ber því að færa málskostnaðarupphæð gestarjettardómsins niður í þá upphæð.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað í hestarjetti með 200 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Þorvaldur Benediktsson greiði stefnda Þorbergi Þorleifssyni 300 kr. í skaðabætur, 800 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti og 200 kr. í málskostnað fyrir hestarjetti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir Þorbergur Þorleifsson, Hólum í Hornafirði í Skaftafellssýslu höfðað gegn Þorvaldi Benediktssyni í Hjarðar-

haga á Jökuldal í Norður-Múlasýslu, til skaðabóta fyrir heimildarlausa töku á hesti og brúkun á honum.

Eftir því sem stefnandi skýrir frá í stefnunni eru málavextir þeir, að sumarið 1922, 24. júlí var stefnandi á ferð um Jökuldal í Norður-Múlasýslu og slóst þá stefndi í för með honum frá Hjarðarhaga að Skjöldólfsstöðum. Vildi þá stefndi fá að reyna hesta stefnanda og fjekk hann meðal annars leyfi til að koma á bak rauðstjörnöttum fola 6 vetra og reið hann folanum heim að Skjöldólfsstöðum og fór svo að semja um kaup á konum. Tilboð gjörði hann í folann, sem smáhækkaði upp í 700 kr. En stefnandi lýsti því yfir í votta viðurvist, að folinn væri ekki falur undir 800 krónur. En stefndi lýsti því yfir, að hann vildi ekki gefa meir en 700 krónur fyrir folann og brást reiður við þegar stefnandi vildi ekki samþykkja það tilboð hans. Kvað stefnandi það þykkjulaust frá sinni hlið og tók jafnframt fram, að úttalad væri um það mál, en heimild gaf hann stefnda til að ríða folanum út fyrir túnið á Skjöldólfsstöðum, þar sem hinir aðrir hestar stefnanda voru, ásamt tveim hestum, sem stefndi var með. — Morguninn eftir þegar hestar stefnanda voru sóttir, vantaði umræddan fola. Með því að foli þessi skildi aldrei við hesta þá, er stefnandi var með, þóttist stefnandi strax vita að stefndi myndi hafa haft folann heim með sjer, og datt í hug, að stefndi hefði tekið folann í þeim tilgangi að borga hann fullu verði, 800 kr. Stefnandi hélt áfram ferð sinni norður að Grímsstöðum á Fjöllum. Frjetti hann þar pr. síma, að stefndi hefði verið á ferð með folann á Fossvöllum. Á baka leið, þegar stefnandi kom að Eiríksstöðum á Jökuldal, frjetti hann að stefndi hefði verið þar á ferð með folann. Svo þegar stefnandi kom að Ekkjufelli í Fellum, 30. júlí að kveldi, var þar fyrir sendimaður stefnda með folann ásamt brjefi frá stefnda. Getur stefnandi þess, að folinn hafi verið mjög illa útlitandi þegar sendimaður kom með hann, svo að mikill munur var á og þegar stefndi tók við honum, taldi folann ef til vill eyðilagðan sem gæðing, en hann hafi verið upplagt gæðingsefni.

Út af framanrituðu gjörir stefnandi þær kröfur, að stefndi greiði 500 kr. skaðabætur fyrir gripdeild á framangreindum hesti, heimildarlausa brúkun á honum og illa meðferð, og sömuleiðis að stefndi greiði allan málskostnað, er þetta mál hefir í för með sjer samkvæmt mati dómarans.

Frá málavöxtum skýrir stefndi á þá leið (sbr. rjettarhald í málinu 21. okt. 1922), að hinn 24. júlí 1922 hafi stefndi orðið

stefnanda samferða frá Hjarðarhaga að Skjöldólfsstöðum, og hafi þá stefnandi gjört fala hesta sína, og kveðst stefndi hafa tekið það fram, að hann vildi ekki kaupa víxlaðan hest, fjekk þá stefnandi stefnda til reiðar rauðstjörnöttan fola, reið stefndi fola þessum heim að Skjöldólfsstöðum. Síðan gjörði stefndi 700 kr. boð í hestinn, er stefndi hafnaði en stefndi skýrir svo frá, að stefnandi hafi nefnt votta að því, að stefndi mætti hafa hestinn burt með sjer fyrir 800 kr., hvarf stefndi þá frá því að kaupa hestinn. Kveðst stefndi þá hafa gengið til hesta sinna út fyrir túnið á Skjöldólfsstöðum, segir hann að stefnandi hafi komið á eftir honum og sagt stefnda, að sjer þætti ilt, að þeim gæti ekki komið saman um kaup á hestinum og stakk upp á því, að stefndi borgaði hestinn með 750 krónum. Kveðst stefndi í fyrstu hafa haldið fast við 700 kr. boð sitt, en loks hafi þeim komið saman um, að stefndi keypti hestinn á 750 kr. Segir stefndi að þeir hafi síðan í sameiningu lagt hnakkinn á hestinn í votta víðurvist og stefndi ríðið síðan heim til sín. — En bráðlega kveðst stefndi hafa orðið þess var, að folinn væri mjög víxlaður, og ásetti sjer því, að rifta kaupunum, og kveðst hafa farið með folann upp í Eriksstaði, til að skila stefnanda honum, en þangað hafi hann átt von á stefnanda, sem var á leið frá Grímsstöðum á Fjöllum. Þeir hittust þó ekki í það skifti og sendi stefndi því mann með hestinn að Ekkjufelli og afhenti sendimaður hestinn stefnanda þ. 30. júlí s. á. — Samkvæmt þessu kveðst stefndi hafa farið með hestinn frá Skjöldólfsstöðum með samþykki stefnanda og telur að hjer hafi verið um afgjörð kaup að ræða.

Af framangreindum ástæðum, krefst stefndi þess, að hann verði dæmdur sýkn af kröfu stefnanda, að orðið „gripdeild“ í stefnunni verði dæmt dautt og ómerkt og að stefnandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað af máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu eru ástæðurnar, sem stefndi byggir á kröfur sínar, þær, að stefnandi hafi komið til stefnda fyrir utan túnið á Skjöldólfsstöðum, og að þar hafi orðið að samningum milli þeirra tveggja, að stefndi keypti hestinn á 750 krónur. — Það verður nú að álitast, samkvæmt málsskjölunum, að ekki sjeu minstu líkur, er komið geti til greina, fyrir þessari staðhæfingu stefnda, því síður, að nokkur sönnun sje í málsskjölunum fyrir því, að hestkaupin hafi gjörst í milli stefnda og stefnanda. Þar sem þannig vanta allar sannanir og líkur, sem hægt er að taka taka til greina, fyrir því að hestkaupin hafi farið fram, þá getur stefndi ekki borið fyrir sig hestkaupin gegn kröfum stefnanda,

eða sem heimild fyrir því að hafa haft hestinn undir sinni hendi. Samkvæmt málsskjölunum eru ekki heldur neinar aðrar heimildir fyrir stefnda til þess að taka hestinn og brúka hann. Samkvæmt þessu verður það að álítast, að stefndi hafi tekið hestinn og brúkað hann í algjörðu heimildarleysi.

Þar sem nú þannig samkvæmt framanritaðu álítast verður, að stefndi hafi tekið hestinn og brúkað hann í heimildarleysi, þá er að athuga hvort og að hversu miklu leyti þetta hafi orsakað stefnanda skaða eða tjón.

Virðist hér geta verið að ræða aðallega um þrenns konar skaða:

1. Afnota missi.
2. Sölu missi.
3. Skemdir á hestinum.

Viðvíkjandi fyrsta atriðinu er alls enginn vafi á því, að það hafi orsakað stefnanda skaða, að missa af brúkun hestsins þann tíma, sem hesturinn var í vörslum stefnda, einkum þar sem stefnandi var á ferðalagi, og þarf þar engra frekari sannana við.

Viðvíkjandi öðru atriðinu skal það tekið fram, að málsskjölin bera það með sjer, að markmið stefnanda með umræddu ferðalagi sínu var hestasala, og misti því stefnandi öll tækifæri til að selja hestinn þann tíma, sem hesturinn var í vörslum stefnda, er það vitanlega skaði fyrir hestasala, að geta ekki haft hestinn á boðstólum, hvenær sem tækifæri býðst. Og samkvæmt málsskjölunum, (sbr. rskj. nr. 10) eru talsverðar líkur þess, að stefnandi hefði fengið kaupanda að hestinum fyrir 800 krónur, ef stefndi hefði ekki útilokað stefnanda frá því, með heimildarlausri töku hestsins, að hafa hestinn með í ferðinni að Grímsstöðum. Það verður því að álítast, að líkur sju fyrir því, að stefnandi hafi mist af sölu hestsins fyrir tiltæki stefnda, og þar með orsakað stefnanda skaða.

Viðvíkjandi þriðja atriðinu, um skemdir á hestinum þann tíma, sem hesturinn var í vörslum stefnda, skal það tekið fram, að samkvæmt málsskjölunum, sjerstaklega rjettarskj. nr. 7, 8 og 9, eru miklar líkur fyrir því og talsverðar sannanir, að hesturinn hafi skemst af meðferð stefnda, þann tíma, sem hesturinn var hjá honum; sjerstaklega virðist um verulegar sannanir að ræða, vottorð þeirra manna, sem *þektu og sáu* hestinn *áður* en hann komst í hendur stefnda og *eftir það*, sbr. málsskjölin.

Þar sem þannig samkvæmt umræddum gögnum álíta verður,

að hesturinn hafi skemst af meðferð stefnda, þá hefir stefndi þar með orsakað stefnanda skaða og tjón.

Samkvæmt framanrituðu virðast vera sannanir að sumu leyti og líkur að sumu leyti fyrir því, að stefndi hafi orsakað stefnanda skaða, með heimildarlausri töku og brúkun á hestinum, og virðast þessi sönnunargögn bera að takast til greina, einkum þar sem sú almenna regla er viðurkend, bæði af lögfræðislegum vísindamönnum (sbr. t. d. Einar Arnórsson: Dómsstólar og rjettarfar bls. 475) og af Hæstarjetti Danmerkur, (sbr. Dómasafn hæstarjettarar) að taka til greina skaðabótakröfu fyrir heimildarlausu notkun á annars manns hlut, þótt ekki sjeu lög-fullkomnar sannanir fyrir hendi um skaða þess, er hlutinn átti, og að minsta kosti verði ekki krafist strangra sannana fyrir tjóninu.

Samkvæmt þessu virðist bera að taka til greina kröfu stefnanda, um að stefndi greiði skaðabætur fyrir heimildarlausu töku og brúkun hestsins, og að öllu athuguðu virðist sú upphæð hæfilega metin 300 krónur sem stefndi greiði stefnandanum.

Með tilliti til málavaxta og úrslita málsins, verður að taka til greina málskostnaðarkröfu stefnanda. Með því að mál þetta hefir orðið mjög umfangsmikið, einkum þar sem stefnandi hefir orðið að sækja málið sunnan úr Skaftafellssýslu og norður í Norður-Múlasýslu norðarlega og upp til afdala, og þar að auki hafa vitnaleiðslur í málinu orðið að fara fram í fleiri sýslum, þar eð umboðsmaður stefnda ekki hefir viljað taka framlögð vottorð í málinu gild, án þess að þau væru staðfest fyrir rjetti — þá hefir málskostnaðurinn óhjákvæmilega orðið geysilega mikill. Verður dómariinn eftir nákvæma athugun að álíta málskostnaðinn hæfilega metinn 1684 krónur, sem stefnda beri að greiða stefnandanum.

Aðilar þessa máls hafa gjört kröfur um að ýms orð og ummæli verði dæmd dauð og ómerk, svo sem:

Samkvæmt rjettarskjali nr. 20 hefir umboðsmaður stefnanda krafist ummæli umboðsmanns stefnda dæmd dauð og ómerk, að því leyti sem þau sjeu ærumeiðandi fyrir stefnanda.

Samkvæmt rjettarskjali nr. 13 hefir umboðsmaður stefnda krafist þess, að orðin „þrælbrúka og svelta“, í sókn stefnanda verði dæmd dauð og ómerk sem meiðandi fyrir stefnda.

Eftir atvikum og úrslitum málsins virðist ekki vera hægt að taka þessar kröfur aðilanna til greina.

Umboðsmaður stefnda kemst að orði á þá leið í rjettarskjali nr. 25, að máli þessu verði að vísa frá dómi ex officio þar eð

málið hafi verið höfðað löngu áður en nokkur skaði hlaust af verknaði stefnda.

Út af þessu skal það tekið fram, að ekki kemur til mála að vísa málinu frá ex officio, af þeirri ástæðu, því að *ekkaði var skeður* fyrir stefnanda á meðan stefndi hafði umræddan hest í sínum vörslum, og var það löngu áður en mál þetta var höfðað, — og vísast að öðru leyti til þess, sem að framan er skrifað og málesskjalanna. Verður því ekki hægt að taka þessa frávisunarkröfu til greina.

Með tilvísun til framanritaðs, er ekki hægt að taka kröfur stefnda til greina. — Kröfur stefnanda virðist ekki hægt að taka frekar til greina en gjört er hér að framan.

Föstudaginn 10. des. 1926.

Nr. 78/1926.

Rjettvísinn (Svb. Jónsson)

gegn

Marinus Buch (Stefán Jóh. Stefánsson).

Sviksaml. athæfi skv. 259. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 7. sept. 1926:

Ákærður, Marinus Buch, sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar kr. 35 í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns hér í rjettinum, Gardars Þorsteinssonar, cand. juris.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa, sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgdan af ásettu ráði, og sje í því máli dæmur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á forsendur aukarjettar-dómsins, ber að staðfesta hann, þó þannig að refsing ákærða verði 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.